

2. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 24. mars 2017 kl. 12:00-15:00

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Nicole Leigh Mosty – Björt framtíð
Birgitta Jónsdóttir – Píratar
Guðjón Brjánsón – Samfylkingin
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Jón Steindór Valdimarsson – Viðreisn
Þórunn Egilsdóttir – Framsóknarflokkur
Valgerður Gunnarsdóttir – Sjálfstæðisflokkur
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Erna Reynisdóttir – Barnaheill
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Kristín Þóra Harðardóttir – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki starfsmenn utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir, Finnbogi Rútur Arnarson, Auðbjörg Halldórsdóttir, Þórdís Sigurðardóttir, Þórarinna Söebeck, Snorri Matthíasson, Ágúst Már Ágústsson, og Hildigunnur Engilbertsdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Vilhjálmur Bjarnason (Sjálfstæðisflokkur), Inga Dóra Pétursdóttir (UN Women), Ragnar Gunnarsson (Kristniboðssambandið), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst), Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Háskóli Íslands) og Ólafur Garðar Halldórsson (Samtök Atvinnulífsins) boðuðu forföll.

Nicole Leigh Mosty boðaði seinkun og sat fundinn kl. 12:45-15:02. Birgitta Jónsdóttir sat fundinn kl. 12:33-15:02. Jón Steindór Valdimarsson sat fundinn kl. 12:55-15:02. Valgerður Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 13:55. Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra) sat fundinn kl. 14:00-14:05.

Nefndarritarar:

Hildigunnur Engilbertsdóttir
Ágúst Már Ágústsson

5. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðir annars og þriðja fundar og teljast þær því samþykktar. Gerð var athugasemd við fundargerð fjórða fundar þess efnis að ekki hafði verið gerð grein fyrir öllum fulltrúum nefndarinnar sem boðuðu forföll fyrir þann fund. Engar frekari athugasemdir voru gerðar og telst því fundargerð fjórða fundar samþykkt með breytingum.

2. Alþjóðleg þróunarsamvinna - almennt

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, og Hildigunnur Engilbertsdóttir, sérfræðingur fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, greindu frá helstu alþjóðlegu samþykktum á sviði þróunarsamvinnu.

3. Mannúðaraðstoð

Auðbjörg Halldórsdóttir, teymisstjóri íslensku friðargæslunnar, greindi frá helstu málum skrifstofunnar á sviði mannúðaraðstoðar.

Einn fulltrúi óskaði þess að grein um val á viðtökuríkjum mannúðar- og þróunaraðstoðar yrði dreift til nefndarinnar.

4. Íslenska friðargæslan

Snorri Matthíasson, sérfræðingur íslensku friðargæslunnar, greindi frá helstu verkefnum íslensku friðargæslunnar.

Nefndin óskaði eftir nánari upplýsingum um kynjahlutfall og starfstímabil útsendra sérfræðinga. Bent var á að skv. lögum um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu nr. 73/2007 skulu útsendir sérfræðingar vera ráðnir tímabundið að hámarki til eins árs í senn. Kynjahlutfall meðal útsendra sérfræðinga hefur jafnast undanfarin ár og sinna bæði kynin svipuðum verkefnum.

5. Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

Þórarinna Söebeck, teymisstjóri fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, kynnti áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu sem og umhverfis- og loftslagssjóði sem Ísland styður við.

6. Borgarasamtök

Ágúst Már Ágústsson, sérfræðingur tvíhliða þróunarsamvinnu, kynnti samstarf utanríkisráðuneytisins við Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) og íslensk borgarasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Fulltrúi nefndarinnar spurði hvort að það lægju fyrir mælanleg áhrif af þjálfun nemenda við HSP á löndin sem nemendur snúa aftur til að loknu námi. Úttekt á HSP er nú í fullum gangi og verða niðurstöður hennar kynntar fyrir nefndinni síðar.

7. Tvíhliða þróunarsamvinna

Þórdís Sigurðardóttir, teymisstjóri tvíhliða þróunarsamvinnu, greindi frá helstu verkefnum á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu.

8. DAC jafningjarýni

Finnbogi Rútur Arnarson, sendifulltrúi, kynnti helstu niðurstöður úr jafningjarýni á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands sem framkvæmd var á vettvangi þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD-DAC).

Nefndin óskaði þess að niðurstöðum rýninnar yrði dreift til nefndarinnar við fyrsta tækifæri og að nefndin myndi í kjölfarið fjalla um rýnina á fundi sínum.

9. Önnur mál

Utanríkisráðherra kom á fund nefndarinnar kl. 14:00 og þakkaði henni fyrir vel unnin störf. Ráðherra upplýsti nefndina um nýlega myndun starfshópa innan ráðuneytisins sem ætlað er að skoða framtíðarsýn og stefnu ráðuneytisins, m.a. á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Vegna þessa tefjist fram á haust að leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2017-2021.

Nefndin ákvað að innlit ráðherra teldist ekki til lögbundinnar viðveru hans á fundum þróunarsamvinnunefndar skv. 4. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008.

Ráðuneytið mun dreifa frekara upplýsingaefni um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til nefndarinnar, m.a. ítarefni um stuðning Íslands við Alþjóðabankann og upplýsingar um helstu alþjóðlegu samþykktirnar á sviði þróunarsamvinnu.

Nefndin ákvað að ræða niðurstöður DAC jafningjarýnnar og óskaði eftir kynningu á jarðhitasamstarfi og úttektum á verkefnum þróunarsamvinnuskrifstofu á næsta fundi sínum.

Ákveðið var að nefndin skyldi funda aftur í byrjun maí 2017.

Nefndin óskaði þess að ráðherra sækti næsta fund sinn og beinir skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu því erindi til skrifstofu ráðherra.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:02